

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi

Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangur/Markmið

Sérstakur húsnæðisstuðningur er ætlaður þeim fjölskyldum og einstaklingum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða eru með íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum lágra tekna, lítilla eigna, þungrar framfærslubyrðar og annarra félagslegra erfiðleika. Aðstæður umsækjenda eru metnar út frá ákveðnum viðmiðum.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu í félagslegu húsnæði eða á almennum markaði umfram húsnæðisbætur.

2. gr.

Lagagrundvöllur

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur á grundvelli 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og byggist meginreglum þeirra laga sbr. einkum 1. gr. og IV. kafla. Ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning er því tekin á grundvelli mats, sem tekur til tekna og eigna, framfærslubyrði og félagslegra aðstæðna, sbr. 1. gr.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er veittur í samhengi við félagslega ráðgjöf sbr. V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Markmið ráðgjafar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Ráðgjöf í húsnæðismálum er veitt í samvinnu við aðra þá aðila sem veita húsnæðisstuðning, m.a. Vinnumálastofnun vegna húsnæðisbóta, Íbúðalánasjóð vegna stofnframlaga og hlutaðeigandi rekstraraðila vegna úthlutunar á húsnæðisúrræðum.

Sérstakur húsnæðisstuðningur er einnig veittur í samhengi við fjárhagsaðstoð til framfærslu sbr. VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga að teknu tilliti til heimildargreiðslna skv. reglum

3. gr.

Samspil við önnur stuðningsform

Sérstakur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga er veittur að teknu tilliti til annarra stuðningsforma. Almennt gildir að sérstakur húsnæðisstuðningur kemur til viðbótar húsnæðisbótum samkvæmt lögum nr. 75/2016. Leiði mat skv. 2. gr. til þeirrar niðurstöðu að önnur stuðningsform nægi ekki til þess að tryggja húsnæðisöryggi og sýni að umsækjandi (einstaklingur eða fjölskylda) geti ekki staðið undir húsnæðiskostnaði kemur til veitingar á sérstökum húsnæðisstuðningi.

4. gr.

Skilgreiningar

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur: Mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Húsnæðiskostnaður: Sá hluti fjárhæðar sem greiddur er samkvæmt samningi um leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og kostnaðarþættir sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald o.fl., teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

Skilyrði og viðmiðanir

5. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili í sveitarfélaginu þegar sótt er um og hafa átt það a.m.k. eitt ár samfleytt áður en umsókn berst.
2. Umsækjandi skal hafa fengið samþykka umsókn um húsnæðisbætur á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.
 1. Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
 2. Umsækjandi skal mæta í viðtal við starfsmann félagsþjónustunnar til þess að umsókn hans teljist gild.
 3. Umsækjandi um sérstakan húsnæðisstuðning má ekki hafna ódýrari húsaleigukosti sem honum býðst svo framarlega sem hann geti talist viðunandi fyrir fjölskylduna að mati ráðgjafa.
 4. Samningur skal liggja fyrir um afnot af íbúðarhúsnæði sem er staðsett í sveitarfélaginu.
 5. Félagsleg staða umsækjanda og fjölskyldu hans skal metin samkvæmt matsviðmiði. Umsækjandi skal uppfylla að lágmarki 5 stig á matskvarða (sjá fylgiskjal).
 6. Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, skulu vera undir efri mörkum skv. viðmiðum 8. gr.
 7. Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna, 18 ára og eldri, á næstliðnu ári skulu ekki vera hærri en samkvæmt viðmiðum 8. gr.
 8. Hafi viðeigandi gögn ekki borist 30 dögum frá umsóknardegi fellur umsókn úr gildi.
 9. Umsækjandi fær sent skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hafi verið metin.

6. gr.

Undanþágur frá skilyrðum

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 2. gr. um lögheimili við eftirfarandi aðstæður: Umsækjandi hefur búið í sveitarfélaginu stóran hluta ævi sinnar en flutt tímabundið úr sveitarfélaginu vegna húsnæðisvanda, náms eða vinnu.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Umsóknir um undanþágu skulu afgreiddar af félagsmálanefnd.

7. gr.

Fjárhæðir við útreikning

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000 fær leigjandi kr. 500 í sérstakan húsnæðisstuðning. Þó geta húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 74.000. Þá geta húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsnæðisstuðningi verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 35.000 í kostnað af húsaleigu.

8. gr.

Fjárhæðir vegna mats á áhrifum tekna

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekju- mörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekju- mörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.100.000	3.875.000	258.333	322.917
2	4.100.000	5.125.000	341.667	427.083
3	4.800.000	6.000.000	400.000	500.000
4 eða fleiri	5.200.000	6.500.000	433.333	541.667

9. gr.

Fjárhæð vegna mats á áhrifum eigna

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings er tekið mið af eignum umsækjanda og annarra heimilismanna. Samanlagðar eignir skulu ekki nema hærri fjárhæð en 5.126.000 kr. í lok næstliðins árs.

Umsóknir og málsmeðferð

10. gr.

Auglýsingar

Félagsþjónusta Fljótshéraðs auglýsir eftir umsóknum um sérstakan húsnæðisstuðning. Í auglýsingu skulu koma fram helstu atriði reglna Fljótshrepps um sérstakan húsnæðisstuðning. Þó er alltaf hægt að skila inn umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning.

11. gr.

Umsókn og ákvörðunartaka

Félagspjónusta Fljótsdalshéraðs annast móttöku og afgreiðslu umsókna um sérstakan húsnæðisstuðning. Heimilt er að sækja um sérstakan húsnæðisstuðning einn mánuð aftur í tímann frá umsóknardegi.

Í umsókn skulu umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, veita félagspjónustunni heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattfyrirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Starfsmaður félagspjónustunnar metur þörf fyrir sérstakan húsnæðisstuðning og skal slíkt mat fara fram innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst. Niðurstöður mats eru lagðar fyrir félagsmálastjóra og verkefnastjóra félagspjónustunnar, sem afgreiða umsóknina í umboði félagsmálanefndar. Komist matshópurinn ekki að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu máls eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal leggja málið fyrir félagsmálanefnd.

Félagsmálastjóra er alltaf heimilt að vísa ákvörðun til félagsmálanefndar til fullnaðarafgreiðslu, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

Félagsmálanefnd hefur eftirlit með ákvörðunum og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

12. gr. Málsmeðferð

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. kafla laga um félagspjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

13. gr. Umsóknir

Umsóknir skulu berast Félagspjónustu Fljótsdalshéraðs á þar til gerðum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu /Fljótsdalshrepps og í skrifstofu sveitarfélagsins.

14. gr. Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er, að öðrum kosti umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

15. gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

16. gr.

Niðurstaða og rökstuðningur synjunar

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna.

17. gr.

Áfrýjun

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að vísa ákvörðun um afgreiðslu sérstakra húsaleigubóta til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

18. gr.

Málskot

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

Upplýsingaskylda, endurskoðun ákvörðunar og endurnýjun umsóknar

18. gr.

Upplýsingar um aðstæður og endurskoðun greiðslna

Umsækjandi verður að fullnægja skilyrðum 5 . gr. allt það tímabil sem líður frá umsóknardegi og á meðan á greiðslu sérstakra húsaleigubóta stendur.

Verði breytingar á hjúskaparstöðu, tekjum eða öðrum aðstæðum, þannig að handhafi sérstakra húsaleigubóta uppfylli ekki lengur skilyrði 5 . gr., ber honum að tilkynna félagsþjónustunni þar um. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt er heimilt að stöðva greiðslur sérstakra húsaleigubóta. Heimilt er að endurkrefja handhafa sérstakra húsaleigubóta um greiddar bætur, komi í ljós að hann hafi leynt upplýsingum um framangreindar breytingar.

19. gr.

Breytingar á aðstæðum umsækjanda

Umsækjandi skal upplýsa félagsþjónustuna um breytingar sem verða á aðstæðum hans og áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þörf á sérstökum húsnæðisstuðningi.

20. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á tilteknu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti tilkall til á tilteknu tímabili ber félagsþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

21. gr.

Endurskoðun

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna.

22. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð sbr. 23. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan notanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

23. gr.

Endurnýjun umsóknar

Endurnýja skal umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning á sex mánaða fresti. Við endurnýjun umsóknar ber að kanna hvort skilyrði og viðmið séu uppfyllt vegna áframhaldandi stuðnings.

24. gr.

Endurskoðun á reglum þessum

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og að teknu tilliti til viðeigandi þjónustu- og gæðaviðmiða, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum.

Húsnæðisstuðningur til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili

25. gr.

Almenn ákvæði og viðmið

Húsnæðisstuðningur til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili er veittur án tillits til húsnæðisbóta og án þess að fram fari mat á tekjum og eignum.

Stuðningurinn skal ekki fara yfir 50% af húsnæðiskostnaði vegna leigunnar.

Ákvæði 7. gr. þessara reglna eiga ekki við þegar um húsnæðisstuðning til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna er að ræða.

26. gr.

Málsmeðferð

- a) Umsóknir skulu berast á Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs á þar til gerðum eyðublöðum.
- b) Skila þarf inn vottorði frá viðkomandi menntastofnun sem staðfestir nám umsækjanda og að umsækjandi leigi herbergi á heimavist eða námsgarði.

- c) Afgreiða skal umsókn eins fljótt og unnt er eftir að hún berst og skal niðurstaða kynnt umsækjanda.
- d) Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í ákvæði þessara reglna. Jafnframt skal umsækjanda kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.
- e) Segi umsækjandi upp leigu eða breyting verði á leigugreiðslu ber að tilkynna það til Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs.

27. gr.
Gildistaka

Samhljóða reglur voru samþykktar af félagsmálanefnd 14. desember 2016 . Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Fljótsdalshreppi 07.02 2017. Reglurnar taka gildi frá og með áramótum 2016/2017 og verða endurskoðaðar árlega.

Farið verður eftir matsviðmiðum sem Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs hefur útbúið en litið til þess að meðfylgjandi matslisti verði skoðaður á árinu 2017 og þá tekin ákvörðun hvort hann verði tekinn upp.

Fylgiskjal

Nafn: _____

Kennitala: _____

Dags. (mán./ár): _____

Stigafjöldi: _____

Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning

Við úthlutun sérstaks húsnæðisstuðnings er leitast við að veita umsækjanda ráðgjöf við að bæta fjárhagsstöðu sína. Umsækjandi þarf að fá 5 stig eða fleiri á matsviðmiði þessu.

Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning

Staða umsækjanda	Stig
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2
Ellilífeyrisþegi	2
Framfærsla hjá félagsþjónustu vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2

Húsnæðisstaða	Stig
Er með húsnæði. Húsaleiga er minna en 20% af heildartekjum heimilisins	0
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins	2
Óöruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Gistir í neyðarathvarfi eða á gistiheimili	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati heilbrigðiseftirlits eða húsnæði er sannanlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði eru bundin við að finna nýtt húsnæði	4

Félagslegar aðstæður umsækjanda

Stig

Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Mismunur á mánaðarlegri innkomu og útgjöldum er neikvæður og umsækjandi nær endum ekki saman	2
Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu félagsþjónustu á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá barnavernd á undanförunum 24 mánuðum.	4
Umsækjandi glímir við fjölpættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning þjónustumiðstöðvar, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4
